

## Einhverfa og einhverfuróf

Einhverfa er röskun í taugaþroska, sem þýðir í þessu sambandi að heilinn þroskast ekki á dæmigerðan hátt. Að öllum líkindum hefst sú atburðarás oftast á fósturstigi, en getur haldið áfram eftir fæðingu. Einkenni einhverfu eru mismunandi eftir einstaklingum en koma fram í takmarkaðri færni í samskiptum og sérstakri skynjun, ásamt endurtekningarsamri hegðun og afmörkuðu áhugasviði. Til þess að greinast með röskun á einhverfurófi þarf ákveðinn fjöldi og styrk einkenna sem jafnframt eru hamlandi fyrir viðkomandi í daglegu lífi.

### Einkenni

Í félagslegu samspili er það oftast skortur á augnsambandi eða þegar samskipti við jafnaldra þróast ekki með venjubundnum hætti. Þá koma fíngerðari þættir einnig við sögu, eins og frumkvæði til samskipta, sérstök viðbrögð við fólki og áreitum úr umhverfinu auk þess sem svipbrigði geta verið óvenjuleg. Í boðskiptum vantar oft upp á bendingar og látbragð, eftirhermu, ímyndunarleik og gagnkvæmni í samræðum (þ.e. að laga sig að viðmælanda). Auk þess eru ýmis sérkenni í tali, svo sem endurtekningar, fornafnarugl, nýyrðasmíð eða sérstök máltjáning. Endurtekningarsöm hegðun getur komið fram í þröngu eða sérstöku áhugasviði, sem þróast takmarkað með auknum aldri og áhuginn er svo ákafur að hann getur hindrað samskipti við aðra. Þá er oft einnig um að ræða knýjandi þörf til að segja hluti á ákveðinn hátt og stundum að aðrir svari sömuleiðis alltaf eins. Athafnir geta þurft að vera í óvenju föstu kerfi og ef ekki er hægt að framkvæma þær í ákveðinni röð veldur það uppnámi, allt frá perringi til vanlíðanar og jafnvel reiðikasta. Sérstakar, endurteknar, handahreyfingar, eða flóknar hreyfingar með öllum líkamanum geta verið til staðar, sem og einhæf eða ódæmigerð notkun hluta. Að auki er skynjun oft óvenjuleg. Það getur lýst sér sem ofurnæmni eða of lítill næmni. Sumir sækja mjög mikið í tiltekin áreiti sem birtist þá sem óvenjulegur áhugi á skynáreitum.

### Tíðni og orsakir

Allt þar til á seinni hluta áttunda áratugarins, var einhverfa talin sjaldgæf fötlun sem birtist hjá um það bil 3-5 af 10.000, þar sem 3-4 fjórir drengir voru með einhverfu fyrir hverja stúlku. Rannsóknir hafa leitt í ljós að þetta er alvarlegt vanmat á algengi einhverfu og hún er margfalt hærri. Einhverfa skýrist að mestu leyti út frá erfðum. Orsakir einhverfu eru margvíslegar, hvort sem litið er til erfða eða áhættuþátta.

Einhverfa er ólík hjá fólki allt eftir aldri, þroska og færni en er til staðar út ævina. Framvindan getur verið mjög breytileg og ýmsu háð, þar með talið heilsufari, magni og gæðum þjónustu, vitsmunaproska, hvort einstaklingurinn hafi náð tókum á tali eða hvort hann verður flogaveikur svo dæmi séu tekin. Almenn virðast einkenni einhverfu minnka lítilliga á leikskólaárunum og verða enn vægari í átt að unglingsárunum. Mikill einstaklingsmunur er á þessu og mörg dæmi eru um hið gagnstæða.